

## **7. fundur Foreldraráðs ML haldinn í Laugarási föstudaginn 10.2.2012 kl 12.00.**

Mætt voru: Kristjana Gestsdóttir formaður foreldraráðs, Geirprúður Sighvatsdóttir ritari ráðs og frá Menntaskólanum að Laugarvatni þeir Halldór Páll Halldórsson skólameistari, Páll Magnús Skúlason aðstoðarskólameistari og Pálmi Hilmarsson húsbóndi á heimavist og forvarnarfulltrúi skólans. Engilbert Olgeirsson meðstjórnandi í foreldraráði boðaði forföll.

Kristjana Gestsdóttir setti fund og stjórnaði honum og Geirprúður ritaði fundargerð. Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

### **1. Gangur vetrar, félagslíf nemenda, þróun þess og breytingar.**

Fulltrúar skólans sögðu frá frá breytingum á ballmenningu ML-inga, sem gerðar hafa verið í áföngum, þ.e. að böllum hefur verið fækkað og þau eru ekki lengur haldin í skólahúsinu. Stórt gestaball var nýlega haldið í félagsheimilinu að Borg í Grímsnesi og þótti takast mjög vel, og það þrátt fyrir fréttir af hnupli, sem að mestu hefur verið upplýst. Rútur á vegum skólans fluttu nemendur og gesti þeirra, um 250-300 manns, á ballið. Árshátíðin í vor verður ekki heldur haldin í skólanum, vegna þess lúxusvanda að nemendur eru of margir og matsalurinn er einfaldlega sprunginn. Auk þess er ekkert svið þar og því ekki hægt að vera með kórsöng. Hefur Félagsheimilið að Flúðum verið falað undir árshátíðina, en maturinn kemur eftir sem áður úr mótuneyti ML.

Það er samdóma álit skólastjórnenda að þessi ballþróun sé mjög jákvæð og að félagslíf sé þessvegna vaxandi í skólanum á öðrum sviðum.

### **2. Fjöldasendingar til foreldra til að upplýsa um mál sem upp koma.**

Vegna fjölmiðlaumræðu í haust um mál er vörðuðu nemendur skólans, kom fram að foreldra voru óánægðir með að fréttu um málið í fjölmiðlum, hefðu kosið að fá tilkynningu um það beint frá skólayfirvöldum. Eftir breytingu á lögræðisaldri í 18 ár, eiga foreldrar nemenda í yngri bekkjum einnig rétt á upplýsingum.

Páll sagði auðvelt að senda fjöldapóst á foreldra í gegnum Innu-kerfið. Voru skólastjórnendur sammála um að skólinn yrði að vera vakandi yfir því að senda foreldrum tilkynningu í tölvupósti áður en yfirlýsing eða frétt sé send fjölmiðlum, eða ef hætta er á að viðkvæm mál komist í fjölmiðla. Ef vafamál koma upp væri eðlilegt að hafa samráð við foreldraráð um það.

### **3. Kynningarmál í grunnskólum á Suðurlandi.**

Páll sagði að vel hafi reynst að fá eldri nemendur til að kynna skólann, frekar en þá sem yngri eru. Á vorin hefur ML verið með kynningu fyrir foreldra og nemendur á sama tíma og FSu, þar sem námsráðgjafi skólans ásamt fulltrúum eldri nemenda hafa mætt. Hefur sú kynning komið mjög vel út fyrir ML.

Heimasíða skólans er einnig og á að vera góð kynning á skólanum, sérstaklega hafa myndasíður úr starfi skólans og leik vakið athygli.

Nemendafélagið Mímír er með pistla í Dagskránni hálf mánaðarlega á móti FSu og þessir pistlar frá skólunum eru til komnir að frumkvæði ritstjóra Dagskráinnar.

Hámarksfjöldi nemenda, sem hægt er að taka inn á 1. ár er 52 (2x26). Halldór Páll sagði að nú, þegar skólinn er fullsetinn og aðsókn mikil, sé vandamálið frekar hvernig

á að hafna nemendum, þar sem ekki eru lengur samræmdu prófin til að styðjast við. En reynslan sýndi að þau gáfu mjög góða vísbendingu um gengi nemenda í skólanum. Vill nú gæta misræmis milli skóla í einkunnargjöf. Lög um persónuvernd valda því einnig að framhaldsskólar fá ekki upplýsingar um “bakpoka” nemenda, námsörðugleika, andlega eða líkamlega fötlun o.fl. en foreldrar þurfa að samþykka að slíkar upplýsingar séu gefnar.

Í bígerð er að taka upp nýjan samræmdan matskvarða, A-D, við innritun í framhaldsskóla, sem verður vonandi til bóta.

#### **4. Fjármál foreldraráðs/félags - framtíðarsýn.**

Foreldrafélag ML er komið með kennitölu 451211-2420 og verður stofnaður bankareikningur í nafni þess.

Halldór Páll telur nauðsynlegt að foreldraráð hafi ákveðið fjárframlag frá skólanum á hverju ári, t.d. kr. 100.000,- sem endurskoðað yrði árlega. Þetta yrði fastur grunnur fyrir foreldrafélagið til að halda fyrirlestra eða námskeið o.fl. og myndi auðvelda allt starf félagsins. Foreldrasamstarf er skólanum mikilvægt og taldi Halldór Páll þessum peningum þar vel varið.

Stjórn foreldrafélagsins þakkaði skólameistara góð orð, og sér nú fram á möguleika á líflegu foreldrastarfi, lausu frá sníkjum og fjármálaáhyggjum.

Ekki var talið ráðlegt að innheimta árgjald af foreldrum að sinni, það væri hægt að ræða síðar ef þurfa þætti.

#### **5. Önnur mál.**

Pálmi Hilmarsson sagði frá viðtali við Hall tannlækni, um munntóbaksnotkun ungmenna, en full ástæða væri til að taka á því innan skólans. Hallur er tilbúinn að halda kynningu um skaðsemi munntóbaksnotkunar í ML.

Kristjana taldi þetta gott verkefni fyrir foreldraráð til að styðja.

Halldór Páll minnti á að foreldraráð þurfi að velja fulltrúa í stýrihóp fyrir Heilsueflandi framhaldsskóla, sem ML er aðili að. Í ár er næring í fyrirrúmi, hreyfing á næsta ári.

Kristjana nefndi að foreldraráð vantar lista yfir foreldra 1. bekkinga, sem gott er að hafa þegar finna þarf fulltrúa til ýmissa verkefna.

Fundi slitið kl 13.15.

Geirprúður Sighvatsdóttir